

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðarbyggð Þernunesi Þernunes



<b>Dags eftirlits</b>	11.8.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Hákon Hansson
<b>Fyrirtæki</b>	Fjarðarbyggð Þernunesi	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	7102695569	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðgeir Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	741265,622 507688,102

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í byrjun maí barst heilbrigðiseftirliti kvörtun um fuglager við urðunarstaðinn í Þernunesi. Heilbrigðisfulltrúi fór á staðinn og var kvörtunin réttmæt, gerð var krafa um tafarlaugar úrbætur.

Við eftirlit þann 11. ágúst var allur frágangur og umgengni á urðunarstað í Mýrdal til fyrirmyndar. Eitt frávik fannst vegna krafna um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma. Gasi er ekki safnað.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í tvær eftirlitsferðir, þá fyrri 8. maí vegna kvörtunar um fuglager. Í ljós kom að losaður hafði verið úrgangur úr fitugildrum frá tveimur bræðslum í gryfju og dró þetta hrafna og máfa að svæðinu og sáust þess augljós merki á staðnum. Gerð var krafa um að tafarlaust yrði strengt net yfir gryfjuna og var því lofað.

Í seinni eftirlitsferðinni, þann 11. 8. var allt urðunarsvæðið, bæði í Auratúni og Mýrdal skoðað. Elsti hluti urðunarsvæðisins er að mestu uppgróinn. Umgengni á urðunarstað er eins og áður góð, urðunarreinar vel skipulagðar, net strengt vandlega yfir þær og allur frágangur til fyrirmyndar. Ekki sjást merki um fok. Hluti eftirlits var sýnataka úr sýnatökubrunni, niðurstöður fylgja með í viðhengi.

Á fundi að eftirliti afstöðnu var farið yfir ákvæði í starfsleyfinu

Samkomulag er milli HAUST og starfsleyfishafa um að HAUST annist sýnatöku af fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal, þar sem almennt sorp er urðað og voru sýni tekin í eftirlitsferðinni að höfðu samráði við Umhverfisstofnun um hvað bæri að rannsaka. Sýnin voru tekin úr sérstökum sýnatökubrunni sem er á frárennsli frá urðunarstaðnum. Niðurstöður fylgja.

### Frávik frá

3ja lið, viðauka I í rg nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Samkvæmt ákvæðinu skal vernda jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnþéttingu meðan rekstrarskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðspéttingu meðan óvirka skeiðið varir/efir lokun.

### Lýsing á frávik

Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I reglugerðar nr. 738/2003. Skv. upplýsingum fulltrúa starfsleyfishafa er málið í vinnslu, en ekki eru hliðarþéttingar.

## ATHUGASEMDIR

Mikilvægt er að tryggja að urðun á úrgangi frá fiskimjölsverksmiðjum sé gerð með réttum hætti til að koma í veg fyrir að vargfugl safnist að svæðinu.

Reykjavík, 15.09.2015

*Hákon Hansson*

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.